



## Ályktun aðalfundar FL 26.04.2018

Í vor skrifaði FL undir kjarasamning ásamt fjölda annarra aðildarfélaga innan BHM. Með kjarasamningi þessum fylgdi yfirlýsing sem kvað m.a. á um átak í heilbrigðismálum og að stefna skuli að því að skapa eftirsóttan starfsvettvang fyrir heilbrigðisstarfsmenn. Í yfirlýsingunni kemur einnig fram að ráðist verði í úrbætur á starfsumhverfi og kjörum heilbrigðisstarfsmanna í samráði við aðildarfélög BHM. Undir yfirlýsingu þessa skrifa þrír ráðherrar, forsætis-, fjármála og efnahags- og heilbrigðisráðherra.

Ljósmeðrafélag Íslands stendur nú í kjaradeilu við ríkið. Félagsmenn LMFÍ hafa hvað lengsta grunnmenntun aðildarfélaga innan BHM en á vef fjármálaráðuneytis má sjá á gögnum frá í desember 2017 að meðalgrunnlaunasetning ljósmeðra þarf að hækka um tæplega 44.000 krónur til að ná meðalgrunnlaunasetningu BHM. Aðalfundur FL skorar á stjórnvöld að sýna nú að fyrrnefnd yfirlýsing sé ekki innantómt loforð og hefja úrbætur með því að leiðrétta samstundis launasetningu ljósmeðra með myndarlegum hætti.